

Fyrsti stjórnarfundur Félags um menntarannsóknir haldinn í húsnæði RKHÍ 26. mars 2002 kl. 16

Mættir: Allyson Macdonald, RKHÍ, Kristín Aðalsteinsdóttir, H.A., Gretar L. Marinósson, K.H.Í., Inga Þórunn Halldórsdóttir, meistaranemi K.H.Í., Júlíus K. Björnsson og Guðrún Geirsdóttir, H.Í. Forföll boðuðu Guðrún Ebba Skúladóttir og Börkur Hansen.

1. Fundargerð stofnfundar ekki tilbúin og Guðrúnu Geirsdóttur falið að ganga frá henni.
2. Viðbótarupplýsingar vegna fundargerðar (ekkert núna)
3. Skýrsla formanns:
 - a. Alls hafa 160 félagar verið skráðir þar af 105 á stofnfundi. Ákveðið að gefa fólki kost á að skrá sig sem stofnfélaga fram til 25. apríl (sumardagurinn fyrsti). Gagnsmiðja K.H.Í. mun útbúa póstlista fyrir alla skráða félag.
 - b. Hugmyndir að merki félagsins voru birtar á heimasíðu félagsins og fólki gefinn kostur á að greiða tillögum atkvæði sitt. Ákveðið var að velja tillögu 5 og Allyson falið að biðja höfund um að aðstoða stjórn við litaval og hönnun merkis fyrir bréfahaus og á heimasíðu.
4. Verkaskipting og vinnulag stjórnar:
 - a. Stjórnin skipti með sér verkum á eftirfarandi máta:
Allyson Macdonald, formaður (2 ár)
Börkur Hansen, meðstjórnandi (2 ár)
Guðrún Ebba Skúladóttir, meðstjórnandi (3 ár)
Kristín Aðalsteinsdóttir, varaformaður (3 ár)
Guðrún Geirsdóttir, ritari (3 ár)
Júlíus K. Björnsson, gjaldkeri (2 ár)
Gretar L. Marinósson, varamaður í stjórn
Inga Þórunn Halldórsdóttir, varamaður í stjórn
 - b. Fundir stjórnar verði 5 og haldnir í mars, maí, ágúst, október og janúar. Fundir verða haldnir í húsnæði RKHÍ kl. 16
 - c. Grétar Marinósson mæti vegna forfalla hjá Allyson, Berki og Guðrúnu en Inga Þórunn vegna forfalla hjá Guðrúnu Ebbu, Júlíusi og Kristínu.
5. Framtíðarverkefni félagsins
 - a. Ólafur Proppé mætti á fund og kynnti viðræður sínar við Nordisk Forening for Pedagogisk Forskning. Samþykkt hefur verið að ráðstefna félagsins verði haldin á Íslandi 11.-14. mars 2004 í umsjá KHÍ en með fyrirhuguðu samstarfi við H.A. og H.Í. Sett verður á laggirnar undirbúningsnefnd og fulltrúa FUM boðið sæti í henni. Guðrún Geirsdóttir verður fulltrúi FUM.
 - b. Rætt var um önnur framtíðarverkefni félagsins og rifjaðar upp hugmyndir af undirbúningsfundum s.s.

- Vefsíða/fréttabréf
- Fulltrúar í ritstjórn tímarita s.s. Uppeldi og menntun og Netla
- Sérstök aðild eða dagskrárhloti af Rannsóknarþingi K.H.Í.
- Stofnun áhugahópa (special interest groups)
- Skráning rannsókna þannig að félagsmenn geti leitað samstarfs, upplýsinga eða lagt fram hugmyndir að rannsóknarverkefnum
- Námskeiðahald t.d. fyrir ákveðna áhugahópa
- Öflun upplýsinga um alþjóðlegar ráðstefnur

Ákveðið að efna til umræðna á vefsíðu um framtíðarverkefni

6. Verkefni á vormisseri:
 - a. Hönnun merkis
 - b. Heimasíðugerð
 - c. Félagaskrá
7. Önnur mál voru engin
8. Næsti fundur ákveðinn 14.maí 2002 kl. 16

Guðrún Geirsdóttir